

Sp. 229. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]
um kjörbréf varaþingmanns.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar, að Alþýðuflokkinum beri að fá kjörbréf fyrir varaþingmann sinn í Reykjavík.

Þar sem fyrir liggur, að þriðji maður á lista flokksins hefur hafnað rétti varamanns til þingsetu, telur Alþingi, að yfirkjörstjórn beri að gefa út kjörbréf til handa Eggerti Þorsteinssyni.

Greinargerð.

Í umræðum um mál þetta á Alþingi, greinargerðum fyrir atkvæðum og í atkvæðagreiðslunni sjálfri kom fram meirihlutavilji fyrir efni þingsályktunartillögunnar eins og hún liggur nú fyrir. En rétt þykir að fá þennan vilja formlega staðfestan til þess að yfirkjörstjórn geti gefið út kjörbréf til handa Eggerti Þorsteinssyni.